



## Fundur háskólaráðs 7. nóvember 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 04.11.2002  
Dags: 07.11.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

17/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 7. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Hjalti Hugason, Ármann Höskuldsson, Þorsteinn Loftsson, María Guðmundsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Hörður Sigurgestsson, Davíð Gunnarsson, Stefán Svavarsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit um reglur deilda um nýráðningar, framgang og menntunarkröfur.
- 1.2 Lagt fram álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun Jónínu Einarsdóttur, dags. 18. október 2002, mál nr. 3259/2001.  
Málið var rætt ítarlega. Samþykkt var svohljóðandi bókun: „Háskólinn mun vinna úr þeim athugasemdum sem fram koma í álitum umboðsmanns Alþingis. Í þessu skyni verður farið yfir atriði sem fram koma í sameiginlegum reglum Háskólans og sérreglum einstakra deilda, og jafnframt verða settar skýrar verklagsreglur um stjórnunar- og ábyrgðarsvið þeirra sem að ferlinu koma”.
- 1.3 Lögð fram drög að erindisbréfi nefndar um markaðs- og kynningarmál Háskólans.
- 1.4 Skipan starfshóps rektors um uppbyggingu og framtíðarskipan endurmenntunar á vegum Háskólans.  
Rektor greindi frá fyrirhugaðri skipan starfshópsins.
- 1.5 Ráðgjafanefnd rektors um gæðamál.  
Rektor reifaði möguleika á skipun ráðgjafanefndar um gæðamál.
- 1.6 Lagt fram minnisblað frá Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi um Háskólasjóð.  
Málið var rætt og greindi rektor frá því að mikilvægt sé að ekki leiki vafi á því hver staða Háskólasjóðs sé samkvæmt lögum og mun rektor óska eftir því að Lagastofnun Háskóla Íslands láti í té álitsgerð um það efni.
- 1.7 Lagt fram bréf frá Brynjólfi Stefánssyni, formanni Stúdentaráðs H.Í., þar sem greint er frá ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands um könnun á samstarfi háskóla og atvinnulífs.
- 1.8 Lagt fram afrit af bréfi frá Magnúsi Péturssyni, forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss, til Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra, dags. 24. október 2002, þar sem þess er farið á leit við ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála að ráðuneytið vinni að breytingu á heilbrigðislögum/lögum um LSH, í þá veru að H.Í. eigi aðild að stjórnarnefnd LSH og hins vegar að heimilt verði að ráða yfirmenn við Landspítala-háskólasjúkrahús tímabundinni ráðningu.
- 1.9 Lagt fram bréf rektors og deildarforseta læknadeildar, dags. 7. nóvember 2002, þar sem fram kemur að Háskóli Íslands styður eindregið málaleitan Landspítala-háskólasjúkrahúss um að Háskóli Íslands eigi aðild að stjórnarnefnd LSH og að heimilt verði að ráða yfirmenn við Landspítala-háskólasjúkrahús tímabundinni ráðningu.

## 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Tillaga rektors um skipun nefndar til að endurskoða ákvæði laga og reglna um dómnefndir og fleiri þætti ráðningarmála.
  - Samþykkt einróma að nefndin verði skipuð Páli Hreinssyni prófessor, sem verði formaður hennar, Þórdísi Kristmundsdóttur, forseta lyfjafræðideildar, Ólafi Þ. Harðarsyni, forseta félagsvísindadeildar og Herði Filippussyni, forseta raunvísindadeildar.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Brynjólfi Stefánssyni, formanni Stúdentaráðs og Andra Óttarssyni, stjórnarformanni Félagsstofnunar stúdenta, dags. 8. október 2002 um flutning miðlana til Félagsstofnunar stúdenta ásamt tillögum að þjónustu-samningum við H.Í. og samningi Félagsstofnunar stúdenta og Háskóla Íslands.
  - Frestað til næsta fundar.
- 2.3 Lagt fram bréf frá Ástu Hrönn Maack, forstöðumanni Styrktarsjóða Háskóla Íslands, þar sem mælst er til þess að tilnefndur verði löggiltur endurskoðandi fyrir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.
  - Samþykkt einróma að Ólafur Viggó Sigurbergsson, sviðsstjóri endur-skoðunar-sviðs PWC, verði löggiltur endurskoðandi fyrir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.
- 2.4 Lögð fram tillaga að breytingum á 8. gr. og 42. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands ásamt bréfi frá umboðsmanni Alþingis, dags. 20. september 2002.
  - Frestað til næsta fundar.
- 2.5 Lögð fram skýrsla og greinargerð forseta raunvísindadeildar „Fjárhagur raunvísindadeildar”, dags. október 2002.
  - Skýrslunni vísað til fjármálanefndar.
- 2.6 Fámennar greinar.
  - Rektor greindi frá því að verið er að fara yfir stöðu fámennra greina í hlutaðeigandi deildum.

## 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Um forsendur skiptingar fjárveitinga til Háskólans. Minnisblað frá fjármálanefnd. Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerði ítarlega grein fyrir framlögðu minnisblaði nefndarinnar, dags. 5. nóvember 2002. Í minnisblaðinu er fjallað sérstaklega um mögulega aðlögun deililíkans að reiknilíkani, mun á milli reikniflokka og fámennar námsgreinar. Þá eru settar fram hugmyndir að breyttu deililíkani sem miðast við að minnka muninn á deililíkani og reiknilíkani þannig að deildir í samkeppni við aðra skóla á háskólastigi njóti þess fjár sem þær „afla” annars vegar og að tryggja tilvist fámennra námsgreina hins vegar. Í máli Ingjalds kom þó fram að án viðbótarfjár sé ógerlegt að setta þessi tvö markmið.  
Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 3.2 Álit nefndar um akademískar nafnbætur, sbr. síðasta fund.
  - Reglur um akademískar nafnbætur samþykktar samhljóða. Ekki verður kveðið á um hámarksfjölda þeirra sem nafnbæturnar hljóta.
- 3.3 Reglur um aldurs- og árangurstengda tilfærslu starfspátta kennara við 55 og 60 ára aldur, sbr. samþykkt háskólaráðs 26. júní 2002, sbr. síðasta fund.
  - Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Samþykkt samhljóða, en Þorsteinn Loftsson, fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara í háskólaráði sat hjá.
- 3.4 Tillaga félagsvísindadeildar að reglum um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, samþykkt á fundi deildarinnar 11. október sl., sbr. síðasta fund.
  - Tillaga félagsvísindadeildar samþykkt einróma með breytingu á 1. mgr. 8. gr. sem lá fyrir fundinum.
- 3.5 Tillaga stjórnsýslusviðs að almennum verklagsreglum um meðferð mála, sbr. m.a. gæðakerfi Háskólans. Lögð fram á fundi ráðsins 19. september sl.

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri stjórnslusviðs, gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma.

3.6 Drög að úrskurði háskólaráðs í máli Wolfgangs Frosta Sahr, vegna synjunar heimspekideildar á beiðni um að meta nám hans í íþróttافرæðum við DSHS Köln sem aukagrein til B.A.-prófs í þýsku.

- Úrskurðurinn samþykktur einróma.

#### **4. Önnur mál**

##### **4.1 Bókhald Háskólans**

Stefán Svavarsson, fulltrúi félagsvísindasviðs í háskólaráði, vakti máls á skýrsluskilum úr bókhaldi Háskólans og nauðsyn þess að þau verði gerð markvissari en verið hefur hingað til. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að fela Ingjaldi Hannibalssyni að leggja fyrir ráðið tillögu um hvernig farið verði að því að gera skýrsluskil markvissari.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 16.05